

## 24. fundur Framkvæmdastjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 16. marz í fundarstofu SASS kl. 10.00.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson og Þorvarður Hjaltason. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson var í símasambandi.

### Dagskrá:

1. Samkomulag við Rafn Haraldsson ábúanda á Bræðrabóli, dags. 27.2.95., um bætur vegna framkvæmda og starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands í landi Kirkjuferjuháleigu. Um er að ræða fullnaðarbætur. Samkomulagið staðfest.
2. Samkomulag dags. 9. marz 1995 við Guðjón Sigurðsson ábúanda á Kirkjuferjuháleigu og Guðmund Baldursson ábúanda á Kirkjuferju um bætur vegna starfsemi á vegum Sorpstöðvar Suðurlands á urðunarsvæði stöðvarinnar í landi Kirkjuferjuháleigu í Ölfushreppi. Um er að ræða fullnaðarbætur. Samkomulagið staðfest.
3. Erindi, dags. 7. marz 1995, frá Lárusi L. Blöndal hdl. varðandi bótakröfu eigenda Auðsholts, Ölfushreppi, vegna sorpurðunarsvæðis í landi Kirkjuferjuháleigu, farið er fram á viðræður við Sorpstöð Suðurlands. Þorvarði falið að koma á fundi stjórnar og Lárusar Blöndal.
4. Kostnaðaráætlun Verkfræðistofu Suðurlands vegna urðunarrásar nr. 2. Kostnaður nemur alls 2.5 milljónum króna.
5. Erindi frá bæjarstjóranum í Hveragerði, dags. 10. marz 1995, þar sem farið er fram á nánari upplýsingar um samninga við ábúendur Bræðrabóls og Kirkjuferjuháleigu. Karli Björnssyni falið að veita umbeðnar upplýsingar.
6. Minnisblað vegna vinnufundar 13. marz sl. þar sem mættu Karl Björnsson, Þorvarður Hjaltason, Arnar Árnason, Sigurður Jakobsson og Páll Bjarnason. Á fundinum var fjallað um væntanlegt rekstrarfyrirkomulag Sorpstöðvarinnar. Stjórnin lýsti sig samþykka þeim megin hugmyndum sem fram koma um rekstrarfyrirkomulagið og felur starfsmönnum að vinna áfram að málinu. Varðandi lið 3 í fundargerð vinnufundarins telur stjórnin eðlilegt að rekstur gámastöðva verði í höndum einstakra sveitarfélaga eða byggðasamalaga þeirra en hlutverk Sorpstöðvar verði að sjá um hvatningu og kynningu í því sambandi.
7. Þorvarði falið að leita eftir tillögum að merki fyrir Sorpstöð Suðurlands.
8. Samþykkt að halda næsta stjórnarfund á Hellu og skoða starfsemi Sorpurðunarstöðvar Rangárvallasýslu að Strönd.

Fundi slitið kl. 11.05.

Þorvarður Hjaltason.

Karl Björnsson.  
Guðmundur Hermannsson.  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson. (sign)